

**Mál nr. 206/2015****M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar byggingaraðila.****Starfsmaður slasaðist er hann féll á milli hæða í húsbyggingu.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 28.5.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 15.6.2015.

**Málsatvik.**

Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti var M starfsmaður fyrirtækisins A sem kom að endurbyggingu húseignarinnar L í Reykjavík samkvæmt samningi við byggingaraðilann, B. Ekkert nánar liggur fyrir í málinu um efni sammings þessa.

M kveðst hafa verið búinn að vinna í húsbyggingunni í um tvo mánuði ýmist á 3. eða 4. hæð. Þegar slysið varð, 27. febrúar 2014, var hann við vinnu á öðrum degi á 2. hæð hússins. Að morgni slysdags hafi hann verið að „undirbúa timbur fyrir veggj hæðarinnar.“ Eftir kaffihlé hafi hann tekið við að hreinsa upp eftir timburvinnuna frá því fyrr um morguninn. Hafi hann safnað saman afgangum og rusli í hjólbörur og hugðist svo færa hjólbörunar. Þegar hann hafi bakkað með þær hafi hann fallið niður um op í horni hæðarinnar. Hafi hann fallið um 3 m niður á næstu hæð og lent á bakinu. Engir útveggir hafi verið á hæðinni og heldur engar fallvarnir.

Fór M á slysa- og bráðadeild Landspítalans þar sem hann lá inni fram á næsta dag. Hann var sagður óvinnufær a.m.k. til 22. apríl 2014 er hann kom í endurmat hjá læknum spítalans.

Við starf sitt kveðst M hafa verið undir verkstjórn B og hafi B borið ábyrgð á því að öryggisaðstæður væru fullnægjandi á vinnustaðnum, sbr. 17. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 22. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Þá beri B ábyrgð á slysinu með því að fjölmargar skráðar háttsemisreglur hafi verið vanræktar og vísar M í þeim efnum m.a. til 13., 17., 23. 37., 38. og 42. gr. laga nr. 46/1980 og 8., 1. mgr. 21. og 7. mgr. 33. gr. reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Enn fremur vísar M til 79.-81. gr. laga nr. 46/1980 þar eð B tilkynnti ekki um slysið til Vinnueftirlits ríkisins (VER). M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu. Verið var að klára að reisa útvegg þegar slysið varð og hafi M tekið þátt í því að fjarlægja fallvarnir þar sem reisa átti útvegginn, en þess hafi þurft með svo unnt væri að reisa hann. Annars staðar hefðu fallvarnir verið til staðar. Ekki hafi verið sýnt fram á að brotið hafi verið gegn lögum nr. 46/1980, en M hafi sönnunarbyrðina í þeim efnum. Þá bendi ekkert til að M hafi orðið fyrir svo alvarlegum meiðslum að tilkynningarskylda atvinnurekanda skv. 79. gr. laganna hafi stofnast.

**Álit.**

Fyrirsvarsmönnum B á staðnum átti ekki að geta dulist að M hafði orðið fyrir alvarlegum meiðslum og verið óvinnufær um langt skeið strax frá slysdegi að telja. Tilkynningarskylda hvíldi á B skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. B vanrækti þessa tilkynningarskyldu og engar haldbærar skýringar hafa komið fram sem réttlætt geta þessa vanrækslu. Verður að leggja frásögn M til grundvallar um málsatvik að því marki sem B tekst ekki að sýna fram á hið gagnstæða. Verður þannig að leggja til grundvallar þá frásögn M að hann hafi fallið niður um op í horni hæðarinnar. Ekki ágreiningur um að þar hafi fallvarnir vantað. Ekki virðist heldur ágreiningur um að B hafi borið ábyrgð á því að viðhlítandi fallvarnir væru til staðar í byggingunni. Engin haldbær gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að skort á fallvörnum megi rekja til atvika sem M verður kennt um. Eins og hér stendur á verður að telja að B beri ábyrgð á því að fallvarnir hafi vantað þar sem M féll niður. Jafnvel þótt M kunni að hafa

vitað af því hvernig aðstæður voru eru ekki efni til að ætla að það verði virt honum til stórkostlegs gáleysis. Verður réttur hans til bóta úr hendi B því ekki skertur, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim. M á því rétt til óskertra bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.